

## Fundargerð háskólaráðs

320. fundur föstudaginn 26. október 2012

í stofu 262, Borgum, kl. 10.25-13.15

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 10.25.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir formaður siðanefndar

Jónas Steingrímsson frkvstj. FÉSTA

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð 319. fundar, mál til kynningar, myndataka fyrir afmælisritið

*"[málsnúmer]"*

Ingveldur Tryggvadóttir skjalastjóri stillti háskólaráði upp til myndatöku fyrir 25 ára afmælisrit háskólans.

Fundargerð 319. fundar var samþykkt.

- Rektor sagði frá gæðaráðstefnu stúdenta sem haldin var í HA 6. október og tókst í alla staði mjög vel. Fleira er á döfinni, gæðaráðstefna í Reykjavík 2. nóvember og heimsókn starfshóps, *Learning and Higher Education*, í HA þann 28. nóvember. Þá

verða fluttir hér nokkrir fyrirlestrar um gæðamál og gæðastjórum íslenskra háskóla verður boðið að koma.

- Utanríkisráðuneytið í samvinnu við norska utanríkisráðuneytið og fleiri stendur fyrir ráðstefnu um norðurslóðamál í HA dagana 12. og 13. nóvember undir yfirskriftinni In Northern Mists. Sigurður Kristinsson mun vera fulltrúi rektors þar því rektor verður staddur í Winnipeg á Rector's Forum.
- Nansensstaðan. Rektor fór yfir sameiginlegt álit þriggja manna valnefndar sem barst fyrr um morguninn. Ákveðið var að halda aukafund í háskólaráði miðvikudaginn 31. okt. kl. 09 til að ljúka afgreiðslu málsins.
- Staða innleiðingar Uglunnar. Rektor greindi frá stöðu nokkurra atriða eins og hún var kynnt á gæðaráðsfundi 24. þ.m. Innleiðingin gengur hægt og margir hnökrar hafa komið í ljós. Háskólinn mun áfram hafa aðgang að sérfræðingum Reiknistofnunar HÍ á næsta ári á svipuðum grunni, þ.e. kostnaður verður greiddur úr sjóði á vegum verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna. Innleiðingin mun taka heilt skólaár.
- Háskólafundi sem vera átti 19. október var frestað vegna ónógra framboða til fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð. Fram komu hugmyndir um hvernig mætti koma betur á framfæri upplýsingum um verkefni háskólaráðs og umfang þeirra, og virkja starfsmenn til þátttöku háskólaráði.
- Búið er að skipa nefnd til að skoða skipulagningu íslensk háskólakerfis m.t.t. samræmingar. Nefndinni er falið að gera tillögu í frumvarpsformi um leiðir til að auka samvinnu, verkaskiptingu og sameiningu og skal hún skila tillögum fyrir 1. nóvember 2012. Formaður er Magnús Lyngdal Magnússon skipaður af menntamálaráðherra, aðrir nefndarmenn eru fulltrúar stjórnsmálaflokka á Alþingi, einn fyrir hvern þeirra. Nefndin er skipuð skv. ákvæði til bráðabirgða í breytingu nr. 67/2012 á lögum um háskóla nr. 63/2006.

## 2. Rekstraryfirlit janúar-september

*1210028*

Ólafur dreifði og útskýrði yfirlitið. Staða kennsludeilda og stjórnsýslu/stoðþjónustu er 1.054.769 mkr. eða 75,06% af áætlun en viðmiðið er 75%. Það dregur úr umframkostnaði við viðskipta- og raunvísindasvið í samræmi við aðgerðir sem gripið hefur verið til. Yfirlitið

sýnir brúttótölur og m.a. eru óframkomnar tekjur hug- og félagsvísindasviðs en rekstur þess er þá í jafnvægi og rekstur heilbrigðisvísindasviðs er undir viðmiði.

Mikils aðhalds er gætt í stjórnslu og stoðþjónustu.

Rekstur ýmissa verkefna verður í jafnvægi í árslok. Rekstur háskólans í heild verður væntanlega í jafnvægi í lok árs en til þess verður áfram að gæta ítrasta aðhalds.

Fulltrúar í háskólaráði lýstu ánægju sinni með það hvernig tekist hefur að stýra fjárhagslegum rekstri háskólans gegnum erfiðleikatímabil síðustu ára. Fram kom að fyrir vikið nýtur háskólinn sérstaks trausts menntamálayfirvalda.

Rektor þakkaði Ólafi fyrir og fór hann af fundinum.

### 3. Upplýsingar um rannsóknarvirkni kennara

*"[málsnúmer]"*

Rektor kynnti út frá nokkrum breytum rannsóknarvirkni kennara við háskólann eins og hún var árið 2011. Upplýsingarnar sem unnið var með endurspegla skil kennara á gögnum til stigamats, en RHA annast árlegt stigamat. Rektor mun síðar kynna fyrir háskólaráði rannsóknarvirkni síðustu þriggja til fimm ára, sem gefur mun marktækari mynd.

### 4. Ársskýrsla siðanefndar

*1205100*

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Hafdís kynnti ársskýrslu siðanefndar 2011-2012. Siðanefnd starfar eftir siðareglum HA og reglum um viðurlög við ritstuldi nr. 757/2006. Hafdís greindi frá þeim málum sem nefndin hefur fjallað um á árinu.

Dæmi eru um að fræðasvið hafi sett sér eigin siðareglur og var rætt um ágæti þess.

Fundarmenn töldu æskilegt að hafa einar siðareglur (siðferðileg viðmið) fyrir háskólann sem endurskoðaðar væru reglulega. Siðareglur fræðasviðanna bæri að líta á sem umgengnisreglur til hliðar við siðareglur HA.

Hafdís mælti með því að siðareglur og reglur um viðurlög við ritstuldi væru kynntar nemendum vel, jafnvel árlega.

Rektor þakkaði Hafdísi fyrir mjög þarfa og góða skýrslu og fór Hafdís af fundinum.

5. Dómnefndarálit, Eygló Björnsdóttir

*1204035*

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Eyglóar Björnsdóttur til að hljóta framgang lektor-dósent. Dómnefnd metur Eygló hæfa til að hljóta framganginn.

6. Dómnefndarálit, Oddur Vilhelmsson

*1205038*

Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Odds Vilhelmssonar til að hljóta framgang dósent-prófessor. Dómnefnd metur Odd hæfan til að hljóta framganginn.

7. Dómnefndarálit, Sigurður Kristinsson

*1208001*

Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Sigurðar Kristinssonar til að hljóta framgang dósent-prófessor. Dómnefnd metur Sigurð hæfan til að hljóta framganginn.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálit um hæfi Eyglóar Björnsdóttur til að hljóta framgang til dósent, einnig dómnefndarálit um hæfi Odds Vilhelmssonar til að hljóta framgang til prófessors og enn fremur dómnefndarálit um hæfi Sigurðar Kristinssonar til að hljóta framgang til prófessors.

8. Kynning á Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA, Jónas Steingrímsson frkvstj.

*"[málsnúmer]"*

Jónas kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Jónas gerði grein fyrir stöðu mála hjá FÉSTA. Vel gengur að leigja út íbúðir FÉSTA til stúdenta og að anna eftirspurn. Leiguverð fyrir íbúðirnar fylgir neysliverðsvísitölu. Íbúðum fylgir netaðgangur og HA-netið en íbúar geta haft annan internetaðgang að eigin ósk. Nýrri íbúðum fylgir sími og símanúmer.

Akureyrarbær hefur nokkrar íbúðir á skammtímaleigu en nemendur hafa forgang að þeim eins og öðrum íbúðum frá 15. ágúst ár hvert. Nemendur geta haldið húsnæðinu yfir sumarið eða sagt því upp. Lausar íbúðir hafa verið leigðar BHM og Kennarasambandinu sem orlofsíbúðir á sumrin.

FÉSTA á húsnæði og búnað leikskólans í Tröllagili og leigir út til rekstursins.  
Rekstrarútlit FÉSTA er gott og sagði Jónas að samstarf við HA væri með ágætum.  
Rektor þakkaði Jónasi fyrir og fór hann af fundinum.

**9. Innritun um áramót**

*"[málsnúmer]"*

Rektor sagði frá því að opið er fyrir umsóknir í framhaldsnám í heilbrigðisvísindum, í allar brautir í grunnámi á hug- og félagsvísindasviði og allar brautir í framhaldsnámi á því sviði nema í heimskautarétti (ekki kennt þetta árið). Á viðskipta- og raunvísindasviði er opið fyrir innritun á allar brautir í grunnnámi og framhaldsnámi. Aðeins er tekið við umsóknum í grunnnám frá umsækjendum með stúdentspróf eða sambærilegt.

**10. Samningur HA og menntamálaráðuneytis og viðauki, fundur 15. okt. 2012**

*1203003*

Frestað.

**11. Skipun nefndar til að fjalla um tillögu að veitingu heiðursdoktorsnafnbótar**

*1210023*

Rektor hvatti háskólaráðsfulltrúa til að kynna sér tillöguna og reglur um veitingu slíkrar nafnbótar við HA. Ákveðið var að halda annan fund miðvikudag 31. okt. kl. 09 til að ljúka skipun nefndar til að fjalla um tillöguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15.